

3. gr.

Rúmmetragjald samkvæmt 2. gr. B-lið skal reikna af brúttórúmmáli sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og C rýma.

Rúmmetra skal námunda í heilan rúmmetra samkvæmt almennum reiknireglum.

4. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

6. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar. Gjalddagi rúmmetragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

7. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi. Lágmarksgjald verður ekki endurgreitt sé umsókn synjað, byggingarleyfi fellur úr gildi, eða ef umsókn er dregin til baka.

8. gr.

Innheimt byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu sannanlegs kostnaðar vegna yfirferðar starfsmanna byggingarfulltrúa á aðaluppráttum og fylgiskjölum þeirra fram að byggingarleyfi.

9. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, öðlast gildi við birtingu.

Mosfellsbæ, 16. febrúar 2005.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar.

1. gr.

Í 1. málslíð, 1. mgr. 2. gr. kemur orðið „ökutækja“ í stað „bifreiða“.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Takmarkanir á fjölda atvinnuleyfa í leiguakstri gilda á eftirtöldum svæðum:

- I. Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, Bessastaðahreppi, Reykjanesbæ, Grindavík, Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandarhreppi. Hámarkstala er 560 atvinnuleyfi.
- II. Akureyri. Hámarkstala er 20 atvinnuleyfi.
- III. Árborg. Hámarkstala er 7 atvinnuleyfi.

3. gr.

Við 2. málslíð 1. mgr. 6. gr. bætast orðin „...“ og fötlun hindri þá ekki í starfi.“

4. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 7. gr. fellur niður.

5. gr.

3. málslíður 1. mgr. 16. gr. orðist svo:

Þó má orlofsútgærd aldrei vara lengur en 63 daga á ári nema nýtt sé heimild til færslu daga frá fyrra tímabili sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

Á eftir 2. mgr. 19. gr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Atvinnuleyfshafi sem sviptur hefur verið ökuleyfi lengur en þrjá mánuði skal leggja inn atvinnuleyfið til Vegagerðarinnar á meðan ökuleyfissvipting varir.

7. gr.

3. mgr. 24. gr. orðist svo:

Bifreiðastöð skal sjá til þess að ekki séu notaðar aðrar bifreiðar til leiguaksturs á bifreiðastöð en þær sem skráðar eru sem leigubifreiðar og eru eign viðkomandi leyfshafa eða leyfshafi er skráður fyrsti umráðamaður að, skv. samningi við fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 134/2001, um leigubifreiðar, öðlast gildi 1. október 2005 og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 23. febrúar 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

SAMÞYKKT

um hreinsun, losun og frágang rotþróa á Fljótsdalshéraði.

1. gr.

Frárennsli sérhvarrar húseignar á Fljótsdalshéraði, sem ekki er unnt að tengja við fráveitukerfi í eigu og rekstri sveitarfélagsins, skal leiða gegnum rotþró og frekari hreinsun (alla jafnan siturlögn) samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar. Þar sem þannig hagar til að ekki